

Nd.

610. Breytingartillögur

[12. mál]

við frv. til áfengisлага.

Frá Pétri Ottesen.

1. Við 12. gr.
 - a. Á eftir orðunum „getur dómsmálaráðherra“ í 1. málsg. bætist: ef áfengisvarnaráð mælir með því.
 - b. Á eftir b-lið kemur nýr stafliður, svo hljóðandi:

Að eigi sé greitt þjórfé (þjónustugjald) af sölu áfengra drykkja né veitingahúsið launi starfsfólk sitt með hundraðsgjaldi af sölu þeirra.
 - c. 4. málsg. orðast svo:

Utan kaupstaða er dómsmálaráðherra heimilt, að uppfylltum skilyrðum a—c-liða 1. málsg. og eftir að leitað hefur verið umsagnar hlutaðeigandi sýslunefndar, að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, ef áfengisvarnarnefnd sú, sem í hlut á, telur, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn, enda mæli áfengisvarnaráð með því, að leyfið sé veitt.
 - d. 6. málsg. orðast svo:

Ef áfengisútsala í kaupstað er lögð niður samkv. ákvæðum 10. gr., falla samtímis úr gildi vínveitingaleyfi veitingahúsa þar.
 - e. Næstsiðasta málsg. orðast svo:

Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmann, einn eða fleiri, með öllum þeim veitingastöðum, er vínveitingaleyfi hafa. Ríkissjóður greiðir laun eftirlitsmanna, en leyfishafar skulu endurgreiða ríkissjóði kostnað við eftirlitið, eftir ákvörðun ráðherra. Eftirlitsmaðurinn skal gæta þess, að settum reglum sé í hvívetna fylgt um vínveitingar, og má stöðva þær, ef út af er brugðið, enda skal hann tafarlaust kæra öll brot, er hann verður áskynja um. Eftirlitsmaðurinn hefur heimild til aðgangs hvarvetna þar, sem vínveitingar fara fram samkv. þessari grein eða 20. gr. laga þessara.
2. Við 16. gr. Aftan við 1. málsg. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Óheimilt er að senda mönnum áfengi í pósti, nema færðar hafi verið fullnægjandi sannanir fyrir því, að hvorki aldur né afbrot sé því til fyrirstöðu.
3. Við 20. gr. Upphaf 2. málsg. orðast svo:

Lögreglustjóri má þó, að fengnu samþykki hlutaðeigandi áfengisvarnarnefndar, veita o. s. frv.
4. Við 25. gr. Fyrir orðið „heimilt“ kemur: skylt.
5. Á eftir 30. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Stofna skal áfengisvarnasjóð. Er hlutverk hans að standa straum af kostnaði við áfengisvarnar, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu o. fl. Skulu í hann renna árlega 5% af hagnaði Áfengisverzlunar ríkisins.

Úr áfengisvarnasjóði skal greiða Stórstúku Íslands árlega 350 þús. kr. til bindindisstarfsemi og til bindindisfélaga í skólum 30 þús. kr. í sama skyni.

Að öðru leyti skal verja sjóðnum til byggingar drykkjumannahæla, til lækningastöðva handa drykkjumönnum, sjúkrahúsa og elliheimila og til húsbygginga fyrir bindindis- og hjálparstarfsemi á vegum Góðtemplarareglunnar, eftir nánari ákvörðun heilbrigðismálaráðherra, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.

Áfengisvarnaráð fer með stjórn og reikningshald sjóðsins, og skulu nánari ákvæði um hann sett í reglugerð.